

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðisins í Krossanesi.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 16. mars 2010 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir hafnarsvæðið í Krossanesi.

Breytingin felst í að hafnarkantur í Jötunheimavík er lengdur um 120 m til suðurs og stækkar hafnarsvæðið og umferðar- og þjónustusvæði hafnarinnar að sama skapi.

Deiliskipulag kirkjugarðs á Naustahöfða.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 16. mars 2010 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fyrir kirkjugarð á Naustahöfða.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Miðhúsabraut í suðvestri, Þórunnarstræti í vestri og brekkubrúninni í norðri og austri. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir þremur lóðum á svæðinu. Á lóðum fyrir Höfðakapellu og áhaldahús eru skilgreindir byggingarreitir fyrir frekari uppbyggingu á þjónustu og aðstöðu sem tilheyrir kirkjugarðinum. Á lóð fyrir kirkjugarðssvæðið er skilgreint greftrunarsvæði, reitir fyrir duftker, jarðvegstípp og athafnasvæði. Aðkoma að svæðinu verður annarsveggar frá Höfðagötu sem tengist inn á Þórunnarstræti og hinsveggar syðst á svæðinu frá Miðhúsabraut.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 9. apríl 2010,

Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 26. apríl 2010